

# VILLIKETTIR Á VESTURLANDI

## UMSÓKN UM HÚSNÆÐI OG FJÁRSTYRK

Una Guðný Pálsdóttir  
Villikattafélag Vesturlands

### AKRANESKAUPSTAÐUR

Villikattafélag Vesturlands leitar eftir þátttöku Akraneskaupstaðar er varðar starfsemi félagsins. Þá óskum við eftir húsnæði og fjárstyrk fyrir starfssemina. Samningur til tveggja ára til að byrja með.

Villikattafélag Vesturlands vinnur að fordæmi annarra villikattafélaga en þar má nefna Villikattafélag Hafnarfjarðar, Villikattahjálþ Akureyrar og Villikettir í Vestmannaeyjum. Þessi félög vinna öll að því að sporna við fjölgun villikatta með því að ná fullorðnum dýrum, gelda þau, koma fyrir á nýjum heimilum eða sleppa út aftur. Þá geldum og undir eftirliti.

Það hefur sýnt sig að ávinningur af starfsemi sem þessari borgar sig. Sú aðgerð að gelda ketti er besta leiðin til að draga úr fjölda villikatta. En ein ógeld læða getur auðveldlega gotið fjórum sinnum á ári, 1-8 kettlingum í hvert sinn. Með þessu lagi minnkar álag á dýraeftirlitsmenn og fækkun verður á heimilislásum köttum í lausagangi.

Villikattafélag Vesturlands er nú þegar komið í samstarf við Gunnar Gauta Gunnarsson héraðsdýralækni í Borgarnesi en hann hefur samþykkt að sjá um geldingar dýranna.

Starfið er allt unnið í sjálfboðavinnu og því er enginn launakostnaður. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa aðgang að húsnæði þar sem hægt er að hafa kisur og kettlinga sem eru að jafna sig eftir geldingar sem og þær sem eru að bíða eftir að komast á varanleg heimili. Þá er einnig kostnaður fólgin í mat og kattasandi.

Una Guðný Pálsdóttir  
Sími: 6967153  
Netfang: [kongurinnk@gmail.com](mailto:kongurinnk@gmail.com)